



## Atvinnuleysi óbreytt milli október og nóvember - minnkun á höfuðborgarsvæðinu

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var skráð atvinnuleysi í nóvember 4,9% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og var óbreytt frá því í október. 10.155 manns voru á atvinnuleysisráði í lok nóvember og fækkaði um 28 í mánuðinum. Fækkunin kom einungis til á höfuðborgarsvæðinu líkt og var í október. Atvinnuleysi eykst yfirleitt á milli október og nóvember þannig að líta má á óbreytt atvinnuleysi með jákvæðum hætti.

Skráð atvinnuleysi náði hámarki í janúar sl. þegar það var 11,6%. Atvinnuleysið hefur því minnkað um 6,7 prósentustig frá því í janúar. Í nóvember 2020 var almennt atvinnuleysi 9% og það hefur því minnkað um 4,1 prósentustig á einu ári.

Vinnuálastofnun spáir því að atvinnuleysi verði svipað í desembermánuði og var í nóvember.

Atvinnuleysi minnkaði níu mánuði í röð á árinu og er nú óbreytt milli mánaða. Það hefur því hægt á minnkun atvinnuleysis síðustu mánuði.

### Lítilsháttar aukning nær alls staðar á landinu


Almennt atvinnuleysi jókst alls staðar á landinu nema á höfuðborgarsvæðinu milli október og nóvember. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu minnkaði um 0,1 prósentustig milli mánaða en jókst um 0,1-0,5 prósentustig á öðrum svæðum, mest á Norðurlandi eystra um 0,5 prósentustig.

Atvinnuleysi er eftir sem áður langmest á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu, en það hefur nú verið undir 10% á Suðurnesjum í fjóra mánuði, en hæst fór það í 24,5% í janúar 2021. Atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum var þó enn yfir 10% í nóvember, var 10,4%.


### Atvinnuleysi kynjanna svipað í heild

Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á þremur svæðum: á höfuðborgarsvæðinu, á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. Munurinn var mestur milli kynjanna á Suðurnesjum, 1,5 prósentustig körlum í hag og hefur sá munur minnkað. Þar var 10,4% atvinnuleysi hjá konum og 8,9% hjá körlum. Á Suðurlandi var

Skráð atvinnuleysi 2020 og 2021



Almennt atvinnuleysi í október og nóvember 2021





atvinnuleysið einnig talsvert meira meðal kvenna en karla, eða 4,1% hjá konum en 2,9% hjá körlum.

Körlum á atvinnuleysissskrá fjölgaði um 134 í nóvember og atvinnulausum konum fækkaði um 62. Hlutfallslegt atvinnuleysi karla og kvenna hafði verið það sama í tvo mánuði í röð en í nóvember var atvinnuleysi karla 0,2 prósentustigum meira en kvenna.

### Atvinnugreinar og starfstéttir

Á milli október og nóvember fækkaði atvinnulausum í opinberri þjónustu, verslun, sérfræðiþjónustu, farþegaflutningum og í upplýsingatækni á bilinu 1-7%. Atvinnulausum fjölgaði aftur á móti lítilsháttar í sjávarútvegi, byggingariðnaði, gistiþjónustu og ýmiss konar þjónustustarfsemi.


Hvað starfstéttir varðar fækkaði atvinnulausum aðallega meðal sérfræðinga og einnig meðal sérmenntaðra, í þjónustustörfum og í sölu- og afgreiðslustörfum. Atvinnulausum fjölgaði hins vegar meðal verkafólks, og iðnaðarmanna.

### Mikill árangur hefur náðst

Atvinnuleysi er nú komið á sama stað og var í janúar 2020 áður en faraldurinn skall á. Staðan er þó að mörgu leyti öðruvísi og enn frekar óviss. Góður árangur í baráttunni við atvinnuleysið hefur ekki hvað síst náðst með mikilli notkun ráðningarstyrkja. Svo virðist sem ráðningarsambönd á grundvelli þessara styrkja hafi haldið nokkuð vel eins reynsla fyrri ára hefur sýnt.


Enn sem komið er eru ýmsar skerðingar á möguleikum erlendra ferðamanna til að koma til landsins þannig að töluvert er enn í land með að ferðaþjónustan nái sínum fyrri styrk.

Atvinnuleysi karla og kvenna í október 2021



Heimild: Vinnuálastofnun

Meðaltvinnuleysi síðustu 12 mánaða



Heimild: Vinnuálastofnun, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.